

*Helgi Pjeturss: Mol. 12 okt.*

1946

# Helstefnuhorfur — Hættulegir tímar

I.

MEÐAN JEG var erlendis — en jeg hefi þar dvalið um 3 mánaða skeið — frjetti jeg, að á fundi i Reykjavík hefðu orðið

svo miklar æsingar, að forsæt-  
isráðherra og borgarstjóra,  
hefði aðeins með naumindum  
verið forað frá misþyrmingum.  
Frjettin var nokkuð ónákvæm,  
en virðist þó í aðalatriði hafa  
verið rjett, og er óhætt að segja  
það, að ættjarðarástín lýsir sjer  
á miður heppilegan hátt, ef hún  
kemur fram sem áhugi á að mis-  
þyrma löndum sínum, sem, ef  
til vill, hafa engu minni ætt-  
jarðarást til að bera, og ágrein-  
ingurinn er aðeins um það,  
hvað ættjörðinni muni vera  
fyrir bestu. En um það mun  
enginn Íslendingur, sem ekki  
er alveg skilningslaus á ís-  
lenska sögu, geta verið í vafa,  
að fult sjálfstæði er íslensku  
bjóðinni nauðsynlegt, ef hún á  
að geta þrifist. Og undarlega  
bæri það ógæfusamlegt, ef ís-  
lensku sjálfstæði, eða sjálfræði,  
ætti nú einmitt að standa voði  
af þeirri þjóð sem talið er að  
öðrum fremur hafi frelsið í há-  
vegum. Jeg minnist þess í því  
sambandi, að jeg var einusinni  
nokkrar vikur á skipi þar sem  
ýmsir sjómennir höfðu dval-  
ið í Bandaríkjunum. Og þegar

þeir voru í stórvíðunum að  
strita við segl og reiða, hvöttu  
þeir sig til hinna hörðu átaka,  
með því að hrópa „Hurrah for  
Freedom.“

II.

Jeg hygg að menn  
mundu hafa meiri hug á að  
beita heldur röksemdu er ill-  
yrðum og handalögðmáli í þeirri  
deilu sem nú stendur á, ef þeim  
væri nógu vel ljóst hvílíkir  
háskatímar þetta eru. Það hefir  
glatt mig í sumar, að sjá, hvern  
ig æ fleiri þeirra manna sem  
helst er treystandi til skilnings,  
eru að sannfærast um, að mann  
kynið er í meiri hánsa nú en  
nokkru sinni áður, og úrslita-  
tímar svo gagngerðir, að ekki  
mundi verða bót á ráðin, ef illa  
tekst nú. Þetta hefir glatt mig,  
vegna bess; að það er bó meiri  
von, að voðanum verði afsýrt,  
ef menn sjá hann glögt fyrir,  
heldur en ef þeir væru grun-  
lausir um háskann. Af því sem  
mjer hefir virst sjerstaklega  
eftirtektarvert í þessu efní skal  
þetta nefnt. Sagt var í sánsc-  
um blöðum frá fundi breskra  
náttúrufræðinga og heimspek-  
inga, þar sem umræðuefníð var  
framtíðarhorfur mannkynsins.  
Og þar var það haft eftir hin-  
um fræga lifeðlisfræðingi og  
Nobelsverðlaunamanni, dr. A.

V. Hill, að honum virtist sem sje enga von til, að afstýrt  
nú væru tímamót í sögu marn-  
kynsins meiri en nokkur éður,  
og jafnvel mætti svo að orði  
kveða, að verið væri á glötun-  
arbarmi. Og um líkt leytti sá jeg  
bess getið, að einn af égætuslu  
og víðförlustu jarðfræðingum  
sænskum, professor, dr. Jóh.  
Gunnar Andersson, nú kominn  
yfir sjótugt, væri um það bil  
að ljúka við bók sem ætti að  
heita „Fred eller Förintelse“,  
og þar sem höfundurinn hjeldi  
því fram, að mannkynið mundi  
liða undir lok, ef ekki tækist  
að komast á það menningarsíða  
að það legðist alveg niður, a-  
útkljá deilumál með styrjöldum.  
Og er jeg ekki í efa um, að  
hinn stórlærði höfundur, sem  
hefir litast víðar um á þessari  
jörð en flestir aðrir, hefir þa-  
alveg rjett fyrir sjer. En er jeg  
var staddir í Stafangri nú fyr-  
skemstu, á heimleið, og veittist  
óvænt færi á að litast nokkuð  
um í hinu forna ríki Erlings af  
Sóla, sá jeg í norska blaðinu  
„Verdens Gang“, ritgerð um  
ameríkska bók sem heitir „One  
world or none“, og gefur bók-  
arheitið þegar í skyn þá skoðun  
hinna merku höfunda — vis-  
indamanna — og stjórnmála-  
manna, — að ef mannkynið get-  
ur ekki lært að vera samtaka,  
muni það liða undir lok. Æn-  
það verður að segja, að horf-  
urnar á því, að þau samtök  
geti orðið sem þörf er á eru  
ekki miklar, enn sem komið er  
og virðast síst fara vaxandi. Og  
ekki vil jeg leyna því, að jeg

sje enga von til, að afstýrt  
verði þessari heimstyrjöld, sem  
svo mjög mikið ríður á að forð-  
ast, ef ekki tekst að vekja á-  
huga á máli, sem allir geta skil-  
ið að sæta verður samhuga á-  
tökum alls mannkyns, ef ekki  
á sú ógæfa að dynja yfir, að  
ekki sje framar viðreisnac von.

### III.

Það er vitanlega ekki á  
stjórnmálalegumgrundvelli sem  
jeg get með vissu sagt fyrir  
hina þriðju heimsstyrjöld, held-  
ur vegna nokkurrar nýrrar  
bekkingar á lögmálum fram-  
vindunnar. Og eins að jeg get  
með vissu sagt hvað það er,  
sem duga mundi til þess að  
sú styrjöld yrði umflúin, sem  
nú er verið að undirbúa af  
langtum meiri þekkingu á her-  
búnaði og styrjaldarrekstri, en  
áður hefur verið til á þessari  
jörð. Þótt undarlegt megi  
virðast, hefir verið á þetta  
minst í stærsta dagblaðinu sem  
út kemur á Norðurlöndum —  
að því er mjer hefir sagt verið  
— en það er Stokkhólmsblaðið  
„Dagens Nyheter“. Var mjer  
sagt að 700 manns vinni að því  
að koma þlaði þessu út á degi  
hverjum. Svo vildi til, að jeg  
átti tal við einn af ritstjórum  
blaðsins, gáfulegan og geðugan  
ungan mann, og þó ekki þannig  
að mjer hefði til hugar komið,  
að biðja hann að birta viðtal  
við mig í blaðinu. En vitanlega  
barst hið mikla áhugamál mitt  
í tal, barna í bæ Swedenborgs,  
og vildi þá ritstjórin fá að

Helga Pjeturs — '46.

birta eitthvað um þetta í blaðinu og skrifaði hjá sjer margt, er við ræddum saman. Varð úrbessu svo mikið mál, að hann sagði það sem jeg efst ekki um að var sannleikur: Jeg á mjög annrikt og jeg sje að jeg hefi ekki tíma til að vinna úr þessu. Þjést jeg því varla við að sjá nokkuð í blaðinu um þetta samtal okkar og kom heldur á óvart, er jeg sá, að sú varð þóraunin á, mynd af mjer í blaðinu 4. júlí sl., og getið um samtalið. En ekki furðaði mig á því þó að fljótaskrift allmikil væri á því sem þarna var í letur fært. Mjer er orðið það vel ljóst að vjer lifum á jörð þar sem hjegómi, villa og lygi er í hávegum haft, en sannleikurinn því síður, sem meira ríður á, að hann sje að verðleikum metinn.

3.—4. okt.

Helgi Pjeturs.

